

2. gr.

Fullnægjandi vernd.

Lög þeirra ríkja sem talin eru upp í 1. mgr. 1. gr. teljast veita persónuupplýsingum fullnægjandi vernd í skilningi 29. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og því er heimilt að flytja persónuupplýsingar til þeirra ríkja, að fullnægðum skilyrðum laganna.

Hið sama á við um þær meginreglur um „örugga höfn“, sbr. leiðbeiningar í „algengum spurningum og svörum“, sem tilgreindar eru í 2. mgr. 1. gr.

3. gr.

Föst sammingsákvæði.

Ábyrgðaraðila er heimilt að miðla persónuupplýsingum til ábyrgðaraðila í þriðja ríki, þótt það veiti ekki fullnægjandi persónuupplýsingavernd í skilningi 30. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, ef hinn hérlendi ábyrgðaraðili hefur áður gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hefur að geyma þau föstu sammingsákvæði sem birt hafa verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 2002/EES/47/12, bls. 78.

Ábyrgðaraðila er heimilt að miðla persónuupplýsingum til vinnsluaðila í þriðja ríki, sem ekki veitir fullnægjandi persónuupplýsingavernd í skilningi 30. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, ef ábyrgðaraðili hefur áður gert við viðtökuaðila skriflegan samning sem hefur að geyma þau föstu sammingsákvæði sem birt eru í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 2003/EES/23/49, bls. 316.

4. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 1. mgr. 6. gr., 4. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 29. gr. laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, sbr. lög nr. 90/2001.

Persónuvernd, 22. maí 2003.

Valtýr Sigurðsson formaður.

Sigrún Jóhannesdóttir.

AUGLÝSING**um deiliskipulag 1,2 ha spildu úr landi Óskots fyrir 2 frístundahús, Mosfellsbæ.**

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti deiliskipulag 1,2 ha spildu úr landi Óskots fyrir 2 frístundahús, Mosfellsbæ, á fundi sínum þann 21. maí 2003.

Skipulagstillagan tekur til spildu, þjóðskránr. 9500-0020, úr landi Óskots, suðaustan við Hafravatn, alls 1,2 ha. Spildunni verður skipt í tvær lóðir fyrir frístundahús og verður heimilt að reisa eitt hús á hvorri lóð.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagsstofnun hefur heimilað auglýsingu deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 10. júní 2003.

F.h. bæjarstjórnar Mosfellsbæjar,

Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur.